



Stjórn SSH 416. fundur

Mánudaginn 1. júní 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Guðný Ívarsdóttir og Haraldur Sverrisson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – snjóframleiðsla, undirbúningur.

Á fundinn mættu Eva Einarsdóttir, formaður samstarfsnefndar um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Ómar Einarsson, forstöðumaður ÍTR, sem ásamt framkvæmdastjóra SSH hafa unnið að frumvinnu og gagnaöflun vegna undirbúnings að ákvörðun um aðgerðir sem tengjast snjóframleiðslu í Bláfjöllum, sbr. fundargerð 409. stjórnarfundar.

Farið yfir stöðu máls og þau gögn sem liggja fyrir á þessu stigi:

- Uppfærða kostnaðaráætlun Uppstreymis ehf. vegna 1. áfanga snjóframleiðslu í Bláfjöllum
- Samantekt framkvæmdastjóra skíðasvæðanna um vinnu og umfjöllun um snjóframleiðslu í Bláfjöllum frá árinu 2000.
- Viðræður við Vegagerðina og Heilbrigðiseftirlit vegna mögulegra og nauðsynlegra mótvægisáðgerða á Bláfjallavegi m.t.t. vatnsverndar.

Fram kom að enn er beðið niðurstöðu Vegagerðarinnar vegna mats á aðgerðum á Bláfjallavegi vegna ofangreinds.

Umræður

Niðurstaða:

Málið var til kynningar á þessum fundi. Stjórn SSH telur að áður en tekin verðru ákvörðun um framhald máls þurfi að liggja fyrir niðurstaða úr mati Vegagerðarinnar og viðræðum við Heilbrigðiseftirlit vegna mótvægisáðgerða á Bláfjallavegi, sem og ítarlegri fjárhagsupplýsingar um möguleg áhrif snjóframleiðslunnar á rekstur Bláfjallasvæðisins.

2. Innleiðing kjarasamninga grunnskólakennara

Á fundinn mætti Ragnar Steinþór Þorsteinsson, formaður skólamálanefndar SSH og Anna Birna Snæbjörnsdóttir, fræðslustjóri Kópavogs og gerðu grein fyrir vinnu fræðslutjóra sveitarfélaganna o.fl. við yfiferð vegna innleiðingar á kjarasamningum grunnskólakennara sb.r samþykkt þar að lútandi á síðasta stjórnarfundum.

Umræður

Niðurstaða

Stjórn SSH samþykkti eftirfarandi varðandi málið:



Samþykkt stjórnar SSH vegna kjarasamninga grunnskólakennara

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fagnar nýjum kjarasamningi grunnskólakennara á Íslandi sem er tímamótasamningur og mun leiða til framþróunar í grunnskólum landsins. Í kjarasamningnum eru stigin stór skref sem snúa að vinnuskipulagi skólastarfs í þeim tilgangi að ná fram markmiðum aðalnámskrár og áherslum SSH í menntamálum. Sveitarfélögin munu styðja við skólastjórnendur til að ná fram jákvæðum breytingum á skólastarfi. Ávinningur er í samræmi við samningsmarkmið sveitarfélaga, sem voru:

- að færa vinnutímakafla kjarasamningsins nær því sem gerist hjá öðrum háskólastéttum.
- að breytt skipulag vinnutíma grunnskólakennara gefi skólunum tækifæri til þess að þróa skólastarf í samræmi við opinbera menntastefnu og ákvæði grunnskólalaga, reglugerða og aðalnámskrár.
- að vinnutímakaflinn styðji við sveigjanlegt skólastarf og hafi jákvæð áhrif á samstarf og starfsánægju kennara.
- að vinnutímakaflinn styðji skólastjóra og kennara betur í að dreifa vinnuálagi milli einstakra kennara.
- að finna leiðir til hagkvæmari rekstrar grunnskóla, sem skapi jafnframt tækifæri til launahækkana kennara.
- vinnutími kennara verði samfelldur og dagvinna unnin á vinnustað undir yfirstjórn og í samvinnu við skólastjórnendur.

Nú þegar aðilar hafa samþykkt nýjan samning skiptir miklu máli hvernig tekst til varðandi framkvæmd hans svo ofangreind markmið verði að veruleika.

Í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins fer nú fram grundvallarvinna sem varðar vinnutímaskipulag næsta skólaárs. Skólastjórar hvers skóla leiða þessa vinnu og kennarar eru virkir þátttakendur í gerð eigin vinnumats og þar með vinnuframlagi skólans í heild sinni.

Stjórn SSH vill áréttta í þessu samhengi eftirfarandi áherslur fyrir grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu:

- Gert er ráð fyrir að kennarar geti komið að starfi með börnum í daglegu skólastarfi innan dagvinnumarka, 42,86 klst á viku á starfstíma skóla, í samræmi við ákvæði í kjarasamningi um vinnutíma kennara. Skólastjóri ákveður sveigjanleika innan þess tímaramma. Mikilvægt er að verkefnum sé útteilt til kennara í samráði við þá og trúnaðarmenn þeirra, samkvæmt ákvæðum kjarasamnings.
- Skólastjórar gera samning við hvern og einn kennara um vinnustundir sem unnar eru utan vikulegrar viðveru í skóla og til hvaða verkefna þeim er varið, hér með talið þær vinnustundir ársins sem falla utan starfstíma nemenda.
- Vinnuskylda kennara eru 1800 klst. á ári. Vinnutími kennara skiptist á milli verkþátta sem sinnt er undir verkstjórn skólastjóra samkvæmt kjarasamningi. Sú meginregla gildir varðandi verkefni í C-þætti sem skólastjóri felur kennara að sinna, að tími sem ætlaður er til þeirra verka dregur samsvarandi úr vægi vinnuþáttar A eða B í vinnuskyldu viðkomandi kennara.
- Sú meginregla gildir að ekki er greidd yfirvinnugreiðsla vegna sérstakra verkefna sem unnin eru á dagvinnutíma.
- Ef kennari er kallaður til að sinna forfallakennslu skal greidd fyrir það yfirvinna og lengist viðvera/vinnuskylda sem því nemur, nema samið hafi verið um nánari útfærslu.
- Áfram verður greidd yfirvinna skv. ákvæðum kjarasamnings um vinnu sem skólastjóri fer fram á að sé unnin utan dagvinnumarka og/eða umfram vinnuskyldu kennara. Sem dæmi má nefna kennsluyfirvinnu og vinnu með nemendum í félagsstarfi sem skipulagt er utan dagvinnutíma. Skipulag slíkrar yfirvinnu er alltaf á grundvelli þess fjármagns sem viðkomandi skóli hefur til umráða.
- Forsendur hagræðingar til að mæta verulegum launabreytingum eru annars vegar niðurfelling potta og betri nýting dagvinnutíma allra kennara og hins vegar aukið kennsluframlag vegna afsals kennsluafsláttar.



Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu felur skólamálanefnd SSH að fylgja þessum áherslum eftir og upplýsa stjórnina um framgang verkefnisins.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 13:00

3. Sandskeiðslína 1 – verkefnakynning Landsnets

Á fundinn mættu Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets og Nils Gústavsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs Landsnets ásamt Ólafi Árnasyni frá verkfræðistofunni Eflu og kynntu áform Landsnets vegna breytinga á Sandskeiðslínu 1 og legu hluta suðvesturlínu frá Sandskeiði til Hafnarfjarðar.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að næsta skref í máli sé að koma á fundi fagráðs svæðisskipulagsnefndar og fulltrúa Landsnets til sameiginlegra kynningar og undirbúnings að formlegri umfjöllun málsins í aðildarsveitarfélögum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45